

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	Sameiginlega EES-nefndin	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-rikkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
	3.	EFTA-dómstóllinn	
2014/EES/18/01		Dómur dómstólsins frá 27. nóvember 2013 í máli E-6/13 Metacom AG gegn Rechtsanwälte Zipper & Collegen	1
2014/EES/18/02		Dómur dómstólsins frá 15. nóvember 2013 í máli E-9/13 Eftirlitsstofnun EFTA gegn Konungsríkinu Noregi	1
2014/EES/18/03		Dómur dómstólsins frá 15. nóvember 2013 í máli E-10/13 Eftirlitsstofnun EFTA gegn Íslandi	2
2014/EES/18/04		Dómur dómstólsins frá 15. nóvember 2013 í máli E-11/13 Eftirlitsstofnun EFTA gegn Íslandi	3
2014/EES/18/05		Dómur dómstólsins frá 6. desember 2013 í máli E-15/13 Eftirlitsstofnun EFTA gegn Íslandi	3
2014/EES/18/06		Dómur dómstólsins frá 6. desember 2013 í máli E-16/13 Eftirlitsstofnun EFTA gegn Íslandi	4
2014/EES/18/07		Dómur dómstólsins frá 6. desember 2013 í máli E-17/13 Eftirlitsstofnun EFTA gegn Íslandi	4
2014/EES/18/08		Dómur dómstólsins frá 6. desember 2013 í máli E-18/13 Eftirlitsstofnun EFTA gegn Íslandi	5
2014/EES/18/09		Beiðni Staatsgerichtshof des Fürstentums Liechtenstein dagsett 29. október 2013 um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins í máli Casino Admiral AG gegn Wolfgang Egger (Mál E-24/13)	6
	III	ESB-STOFNANIR	
	1.	Framkvæmdastjórnin	
2014/EES/18/10		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.7083 – John Wood Group/Siemens/JV)	7

2014/EES/18/11	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.7134 – Volvo Construction Equipment/Terex Construction Limited)	8
2014/EES/18/12	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.7153 – BNPP/LaSer) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	9
2014/EES/18/13	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.7161 – DCC Energy/Qstar Försäljning/Qstar/Card Network Solutions)	10
2014/EES/18/14	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.7178 – Suntory/Beam)	11
2014/EES/18/15	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.7179 – Silver Lake/WME/IMG) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	12
2014/EES/18/16	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.7197 – AMP/Arcus/PSP/Alpha Trains) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	13
2014/EES/18/17	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.7204 – Rothesay Life/MetLife Assurance)	14
2014/EES/18/18	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.7206 – Bain Capital/Anchorage Capital/Ideal Standard) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	15
2014/EES/18/19	Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar um endurgreiðsluvexti sem innheimta ber í tengslum við endurheimtu ríkisaðstoðar svo og viðmiðunar- og afreiknivexti fyrir 28 aðildarríki; vextirnir gilda frá 1. apríl 2014	16
2014/EES/18/20	Tilkynning framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 5. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í Bandalaginu – Auglýsing um útboð á áætlunarflugi í samræmi við almannaþjónustukvaðir	16
2014/EES/18/21	Orðsending efnahagsráðherra Konungsríkisins Hollands með vísan til 2. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni	17
2014/EES/18/22	Orðsending efnahagsráðherra Konungsríkisins Hollands með vísan til 2. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni	18
2014/EES/18/23	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar í tengslum við framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/9/EB frá 23. mars 1994 um samhæfingu laga aðildarríkjanna varðandi búnað og öryggiskerfi sem eru ætluð til notkunar á sprengihættustöðum	19

EFTA-STOFNANIR

EFTA-DÓMSTÓLLINN

DÓMUR DÓMSTÓLSINS

2014/EES/18/01

frá 27. nóvember 2013

í máli E-6/13

Metacom AG gegn Rechtsanwältin Zipper & Collegen

(Frelsi lögmannna til að veita þjónustu yfir landamæri – Tilskipun 77/249/EBE – Lögmaður flytur mál sitt sjálfur – Tilkynningaskylda í landslögum – Afleiðingar þess að láta hjá líða að tilkynna)

Hinn 27. nóvember 2013 felldi dómstóllinn dóm í máli E-6/13, Metacom AG gegn Rechtsanwältin Zipper & Collegen – Beiðni Fürstliche Landgericht des Fürstentums Liechtenstein (dómstóls Furstadæmisins Liechtensteins) samkvæmt 34. gr. samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls um túlkun á tilskipun ráðsins 77/249/EBE frá 22. mars 1977 um að auðvelda lögmonnum að neyta réttar til að veita þjónustu. Dómstóllinn skipuðu dómaramir Carl Baudenbacher, forseti, Per Christiansen (framsögumaður) og Páll Hreinsson. Dómsorðin eru svofelld:

1. Lögmaður sem, í eigin nafni, rekur mál í öðru EES-ríki en því sem hann hefur staðfestu í, getur borið fyrir sig frelsi til að veita þjónustu og tilskipun 77/249/EBE ef hann gerir það í atvinnuskyni og ef mælt er fyrir um það í landslögum gistiríkisins að lögmaður geti komið fram fyrir eigin hönd sem lögmaður í dómsmálum.
2. Regla í landsrétti, eins og 59. gr. laga Liechtensteins um lögmann, þar sem lögmanni með staðfestu í öðru EES-ríki er skylt, undir öllum kringumstæðum og að eigin frumkvæði, ekki einungis að leggja fram gögn til staðfestingar á lögmannsréttindum sínum, heldur einnig að tilkynna lögbærum yfirvöldum gistiríkisins áður en hann veitir þjónustu í því ríki og að endurnýja tilkynninguna árlega, brýtur í bága við 1. mgr. 7. gr. tilskipunar 77/249/EBE og 36. gr. EES-samningsins.
3. Misbrestur á að fara að reglu í landsrétti eins og 59. gr. laga Liechtensteins um lögmann getur ekki skipt máli að því er varðar möguleika á að krefjast greiðslu fyrir þjónustu lögmanns sem veitt er yfir landamæri.

DÓMUR DÓMSTÓLSINS

2014/EES/18/02

frá 15. nóvember 2013

í máli E-9/13

Eftirlitsstofnun EFTA gegn Konungsríkinu Noregi

(EES-ríki vanefnir skuldbindingar sínar – Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/48/ESB frá 5. júlí 2010 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/40/EB um prófanir á aksturshæfni vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra)

Hinn 15. nóvember 2013 felldi dómstóllinn dóm í máli E-9/13, Eftirlitsstofnun EFTA gegn Konungsríkinu Noregi – Krafa þess efnis að dómstóllinn lýsi yfir að Konungsríkið Noregur hafi, með því að setja ekki eða tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA ekki tafarlaust um ákvæði sem eru nauðsynleg til að hrinda í framkvæmd gerðinni sem um getur í lið 16a í II. kafla XIII. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið

(Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/48/ESB frá 5. júlí 2010 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/40/EB um prófanir á aksturshæfni vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra), með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn, innan tilskilins tíma (í báðum tilvikum að undanskilinni 3. mgr. II. viðauka við tilskipunina um skírteini um aksturshæfni sem einungis skal tekin upp í lög fyrir 31. desember 2013), vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt gerðinni og 7. gr. EES-samningsins. Dóminn skipuðu dómaramirnir Carl Baudenbacher, forseti, Per Christiansen og Páll Hreinsson (framsögumaður). Dómsorðin eru svofelld:

Dómstóllinn fellir eftirgreindan dóm:

1. Dómstóllinn lýsir yfir að Konungsríkið Noregur hafi, með því að setja ekki ákvæði sem eru nauðsynleg til að taka gerðina, sem um getur í lið 16a í II. kafla XIII. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, upp í lög (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/48/ESB frá 5. júlí 2010 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/40/EB um prófanir á aksturshæfni vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra), með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn, innan tilskilins tíma (í báðum tilvikum að undanskilinni 3. mgr. II. viðauka við tilskipunina um skírteini um aksturshæfni sem einungis skal tekin upp í lög fyrir 31. desember 2013), vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt gerðinni og 7. gr. EES-samningsins.
2. Konungsríkið Noregur greiði málskostnað.

DÓMUR DÓMSTÓLSINS

2014/EES/18/03

frá 15. nóvember 2013

í máli E-10/13

Eftirlitsstofnun EFTA gegn Íslandi

(EFTA-riki, sem á aðild að EES, vanefnir skuldbindingar sínar – Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/54/EB frá 5. júlí 2006 um framkvæmd meginreglunnar um jöfn tækifæri og jafna meðferð karla og kvenna að því er varðar atvinnu og störf (endurútgefin))

Hinn 15. nóvember 2013 felldi dómstóllinn dóm í máli E-10/13, Eftirlitsstofnun EFTA gegn Íslandi – Krafa þess efnis að dómstóllinn lýsi yfir að Ísland hafi, með því að setja ekki innan tilskilins tíma, eða tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA ekki um ákvæði sem eru nauðsynleg til að taka ákvæði staflíða a) til d) í 1. mgr. 2. gr. og staflíða a) og b) í 2. mgr. 2. gr. gerðarinnar sem um getur í lið 21b í XVIII. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/54/EB frá 5. júlí 2006 um framkvæmd meginreglunnar um jöfn tækifæri og jafna meðferð karla og kvenna að því er varðar atvinnu og störf (endurútgefin)), með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn, með réttum hætti upp í íslensk lög, vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt gerðinni. Dóminn skipuðu dómaramirnir Carl Baudenbacher, forseti, Per Christiansen (framsögumaður) og Páll Hreinsson. Dómsorðin eru svofelld:

Dómstóllinn fellir eftirgreindan dóm:

1. Dómstóllinn lýsir yfir að Ísland hafi, með því að setja ekki innan tilskilins tíma, eða tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA ekki um ákvæði sem eru nauðsynleg til að taka ákvæði staflíða a) til d) í 1. mgr. 2. gr. og staflíða a) og b) í 2. mgr. 2. gr. gerðarinnar sem um getur í lið 21b í XVIII. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/54/EB frá 5. júlí 2006 um framkvæmd meginreglunnar um jöfn tækifæri og jafna meðferð karla og kvenna að því er varðar atvinnu og störf (endurútgefin)), með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn, með réttum hætti upp í íslensk lög, vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt gerðinni.
2. Ísland greiði málskostnað.

DÓMUR DÓMSTÓLSINS**2014/EES/18/04****frá 15. nóvember 2013****í máli E-11/13****Eftirlitsstofnun EFTA gegn Íslandi**

(Vanefnd sammingsaðila á skuldbindingum sínum – Tilskipun 2002/92/EB frá 9. desember 2002 um miðlun váttrygginga)

Hinn 15. nóvember 2013 felldi dómstóllinn dóm í máli E-11/13, Eftirlitsstofnun EFTA gegn Íslandi – Krafa þess efnis að dómstóllinn lýsi yfir að Ísland hafi, með því að hrinda ekki í framkvæmd á réttan hátt ákvæðum 1. og 2. mgr. 9. gr. og 10. gr. gerðarinnar sem um getur í lið 13b í IX. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/92/EB frá 9. desember 2002 um miðlun váttrygginga), með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn, vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt gerðinni og samkvæmt 7. gr. EES-sammingsins. Dóminn skipuðu dómaramir Carl Baudenbacher, forseti og framsögumaður, Per Christiansen og Páll Hreinsson. Dómsorðin eru svofelld:

Dómstóllinn fellir eftirgreindan dóm:

1. Dómstóllinn lýsir yfir að Ísland hafi, með því að láta hjá líða að hrinda í framkvæmd á réttan hátt ákvæðum 1. og 2. mgr. 9. gr. og 10. gr. gerðarinnar, sem um getur í lið 13b í IX. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/92/EB frá 9. desember 2002 um miðlun váttrygginga), með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn, innan tilskilins tíma, vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt gerðinni og samkvæmt 7. gr. EES-sammingsins.
2. Ísland greiði málskostnað.

DÓMUR DÓMSTÓLSINS**2014/EES/18/05****frá 6. desember 2013****í máli E-15/13****Eftirlitsstofnun EFTA gegn Íslandi**

(EES-riki vanefnir skuldbindingar sínar – Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/22/EB frá 23. apríl 2009 um að setja lögbann til verndar hagsmunum neytenda)

Hinn 6. desember 2013 felldi dómstóllinn dóm í máli E-15/13, Eftirlitsstofnun EFTA gegn Íslandi – Krafa þess efnis að dómstóllinn lýsi yfir að Ísland hafi, með því að setja ekki, innan tilskilins tíma, eða tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA ekki þegar í stað, ákvæði sem eru nauðsynleg til að taka gerðina sem um getur í lið 7d í XIX. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/22/EB frá 23. apríl 2009 um að setja lögbann til verndar hagsmunum neytenda), með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn, upp í íslensk lög, vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt gerðinni og samkvæmt 7. gr. EES-sammingsins. Dóminn skipuðu dómaramir Carl Baudenbacher, forseti, Per Christiansen og Páll Hreinsson (framsögumaður). Dómsorðin eru svofelld:

Dómstóllinn fellir eftirgreindan dóm:

1. Dómstóllinn lýsir yfir að Ísland hafi, með því að setja ekki, innan tilskilins tíma, ákvæði sem eru nauðsynleg til að taka gerðina sem um getur í lið 7d í XIX. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/22/EB frá 23. apríl 2009 um að setja lögbann til verndar hagsmunum neytenda), með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn, upp í íslensk lög, vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt gerðinni og samkvæmt 7. gr. EES-sammingsins.
2. Ísland greiði málskostnað.

DÓMUR DÓMSTÓLSINS**2014/EES/18/06****frá 6. desember 2013****í máli E-16/13****Eftirlitsstofnun EFTA gegn Íslandi**

(Vanefndir samningsaðila á skuldbindingum sínum – Vanefndir á framkvæmd – Tilskipun 2008/122/EB um neytendavernd að því er varðar tiltekna þætti skiptileigusamninga, samninga um orlofskosti til langs tíma, endursölu- og skiptasamninga)

Hinn 6. desember 2013 felldi dómstóllinn dóm í máli E-16/13, Eftirlitsstofnun EFTA gegn Íslandi – Krafa þess efnis að dómstóllinn lýsi yfir að Ísland hafi, með því að setja ekki, innan tilskilins tíma, eða tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA ekki þegar í stað, ákvæði sem eru nauðsynleg til að taka gerðina sem um getur í lið 7b í XIX. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/122/EB frá 14. janúar 2009 um neytendavernd að því er varðar tiltekna þætti skiptileigusamninga, samninga um orlofskosti til langs tíma, endursölu- og skiptasamninga), með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn, upp í íslensk lög, vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt gerðinni og samkvæmt 7. gr. EES-samningsins. Dóminn skipuðu dómaramir Carl Baudenbacher, forseti og framsögumaður, Per Christiansen og Páll Hreinsson. Dómsorðin eru svofelld:

Dómstóllinn fellir eftirgreindan dóm:

1. Dómstóllinn lýsir yfir að Ísland hafi, með því að taka ekki, innan tilskilins tíma, gerðina sem um getur í lið 7b í XIX. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/122/EB frá 14. janúar 2009 um neytendavernd að því er varðar tiltekna þætti skiptileigusamninga, samninga um orlofskosti til langs tíma, endursölu- og skiptasamninga), með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn, upp í íslensk lög á réttan hátt, vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt gerðinni og samkvæmt 7. gr. EES-samningsins.
2. Ísland greiði málskostnað.

DÓMUR DÓMSTÓLSINS**2014/EES/18/07****frá 6. desember 2013****í máli E-17/13****Eftirlitsstofnun EFTA gegn Íslandi**

(Vanefndir samningsaðila á skuldbindingum sínum – Tilskipun 2009/44/EB – Vanefndir á framkvæmd)

Hinn 6. desember 2013 felldi dómstóllinn dóm í máli E-17/13, Eftirlitsstofnun EFTA gegn Íslandi – Krafa þess efnis að dómstóllinn lýsi yfir að íslenska ríkið hafi, með því að setja ekki innan tilskilins tíma, eða tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA ekki þegar í stað, ákvæði sem eru nauðsynleg til að taka 2. gr. gerðarinnar sem um getur í fyrsta undirlið liðar 16b í IX. viðauka og fyrsta undirlið 4. liðar XII. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, þ.e. tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/44/EB frá 6. maí 2009 um breytingu á tilskipun 98/26/EB um endanlegt uppgjör í greiðsluuppgjörskerfum og uppgjörskerfum fyrir verðbréf og tilskipun 2002/47/EB um samninga um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir að því er varðar tengd kerfi og skuldaviðurkenningar, með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn, upp í lög, vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt gerðinni og samkvæmt 7. gr. EES-samningsins. Dóminn skipuðu dómaramir Carl Baudenbacher, forseti, Per Christiansen (framsögumaður) og Páll Hreinsson. Dómsorðin eru svofelld:

Dómstóllinn fellir eftirgreindan dóm:

1. Dómstóllinn lýsir yfir að Ísland hafi vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt gerðinni sem um getur í fyrsta undirlíð líðar 16b í IX. viðauka og fyrsta undirlíð 4. líðar XII. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/44/EB frá 6. maí 2009 um breytingu á tilskipun 98/26/EB um endanlegt uppgjör í greiðslukerfum og uppgjörskerfum fyrir verðbréf og tilskipun 2002/47/EB um samninga um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir að því er varðar tengd kerfi og skuldakröfur), með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn, og samkvæmt 7. gr. EES-samningsins, með því að setja ekki innan tilskilins tíma ákvæði sem eru nauðsynleg til að taka 2. gr. gerðarinnar upp í íslensk lög.
2. Ísland greiði málskostnað.

DÓMUR DÓMSTÓLSINS**2014/EES/18/08****frá 6. desember 2013****í máli E-18/13****Eftirlitsstofnun EFTA gegn Íslandi***(Vanefndir samningsaðila á skuldbindingum sínum – Tilskipun 2001/81/EB – Vanefndir á framkvæmd)*

Hinn 6. desember 2013 felldi dómstóllinn dóm í máli E-18/13, Eftirlitsstofnun EFTA gegn Íslandi – Krafa þess efnis að dómstóllinn lýsi yfir að Ísland hafi, með því að setja ekki innan tilskilins tíma, eða tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA ekki þegar í stað, ákvæði sem eru nauðsynleg til að taka gerðina sem um getur í lið 21ar í XX. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, þ.e. tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/81/EB frá 23. október 2001 um landsbundin efri mörk losunar fyrir tiltekin loftmengunarefni, með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn, upp í íslensk lög, vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt gerðinni og samkvæmt 7. gr. EES-samningsins. Dóminn skipuðu dómarnir Carl Baudenbacher, forseti, Per Christiansen (framsögumaður) og Páll Hreinsson. Dómsorðin eru svofellð:

Dómstóllinn fellir eftirgreindan dóm:

1. Dómstóllinn lýsir yfir að Ísland hafi vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt gerðinni sem um getur í lið 21ar í XX. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/81/EB frá 23. október 2001 um landsbundin efri mörk losunar fyrir tiltekin loftmengunarefni), með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn, og samkvæmt 7. gr. EES-samningsins með því að setja ekki ákvæði sem eru nauðsynleg til að taka gerðina upp í íslensk lög innan tilskilins tíma.
2. Ísland greiði málskostnað.

Beiðni Staatsgerichtshof des Fürstentums Liechtenstein dagsett 29. október 2013 **2014/EES/18/09**
um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins í máli Casino Admiral AG gegn
Wolfgang Egger
(Mál E-24/13)

EFTA-dómstólum hefur borist bréf Staatsgerichtshof des Fürstentums Liechtenstein (stjórnlagadómstóls Furstadæmisins Liechtensteins), dagsett 6. nóvember 2013, sem var skráð í málaskrá dómstólsins 8. nóvember 2013, með beiðni um ráðgefandi álit í máli Casino Admiral AG gegn Wolfgang Egger, að því er varðar eftirtalin atriði:

1. Hverjar eru almennar kröfur í EES-rétti og Evrópurétti (einkum 43. og 49. gr. EB-sáttmálans og skylda um gagnsæi sem af þeim leiðir) að því er varðar málsmeðferð um veitingu sérleyfa fyrir spilavíti?
2. Er gerð krafa um það í EES-rétti eða Evrópurétti að yfirvald, sem fyrirhugar að veita sérleyfi, greini frá því við birtingu útboðsauglýsingar hvernig það hyggist auka við og tilgreina nánar kröfurnar sem koma fram í gerðinni og reglugerðinni?
3. Einkum og sér í lagi, í tengslum við viðkomandi útboð, er til staðar almenn skylda um að tilkynna fyrir fram um hlutfallslegt vægi úthlutunarviðmiða við úthlutun sérleyfa? Sé þeirri spurningu svarað játandi, hvaða kröfur eru gerðar í EES-rétti og Evrópurétti að því er varðar efni upplýsinga sem veita verður í þeirri tilkynningu?
4. Var kröfum EES-réttar og Evrópuréttar fullnægt í málinu sem hér um ræðir?
5. Komist EFTA-dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að útboðið hafi ekki fullnægt kröfum EES-réttar og Evrópuréttar:
 - a) Er í EES-rétti og Evrópurétti kveðið á um tiltekna lagalegar afleiðingar, sé um þess háttar mistök í málsmeðferð að ræða?
 - b) Er unnt að bæta fyrir slík mistök við málsmeðferð? Ef svo, með hvaða skilyrðum?
 - c) Var kröfum, í málinu sem hér um ræðir, um að ógilda útboðsferlið og veitingu sérleyfa, fullnægt?

ESB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2014/EES/18/10

(mál COMP/M.7083 – John Wood Group/Siemens/JV)

1. Framkvæmdastjórninni barst 17. mars 2014 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið John Wood Group PLC („WG“) og þýska fyrirtækið Siemens Aktiengesellschaft („Siemens“) öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í nýstofnuðu, sameiginlegu fyrirtæki („JV“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - WG: fjölbreytt þjónusta á sviði verkfræði, stuðnings við framleiðslu, umsýslu með viðhaldi og viðhaldsskoðun og viðgerðum á iðnaðargashverflum fyrir olíu- og gasvinnslufyrirtæki og orkuframleiðslufyrirtæki um heim allan
 - Siemens: alþjóðleg tækni- og rafeindasamsteypa með starfsemi á fjölmörgum sviðum, m.a. innan orku
 - JV: kemur til með að veita þjónustu við margs konar hverfla, sem komnir eru til ára sinna, m.a. gashverfla, gufuhverfla, rafala, dælur og pressur
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 87, 26. mars 2014). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.7083 – John Wood Group/Siemens/JV, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**2014/EES/18/11****(mál COMP/M.7134 – Volvo Construction Equipment/Terex Construction Limited)**

1. Framkvæmdastjórninni barst 18. mars 2014 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem sænska fyrirtækið Volvo Construction Equipment AB og tiltekin önnur dótturfélög og hlutdeildarfélag, sem öll eru endanlega að fullu leyti í eigu sænska fyrirtækisins AB Volvo, öðlast yfirráð í breska fyrirtækinu Terex Equipment Limited og öðrum eignum sem tengjast framleiðslu bandaríska fyrirtækisins Terex Corporation á sturtubílum sem keyra utan vegar.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Volvo Construction Equipment AB: framleiðsla á byggingartækjum
 - Terex Equipment Limited: framleiðsla á sturtubílum sem aka utan vegar
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 87, 26. mars 2014). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.7134 – Volvo Construction Equipment/Terex Construction Limited, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.7153 – BNPP/LaSer)

2014/EES/18/12

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 18. mars 2014 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem franska fyrirtækið BNP Paribas S.A. („BNPP“), fyrir milligöngu fransks dótturfélags síns, BNP Paribas Personal Finance („BNPP PF“), öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflaðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í franska fyrirtækinu LaSer S.A. („LaSer“). LaSer lýtur sem stendur sameiginlegum yfirráðum BNPP PF og Galeries Lafayette S.A.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - BNP Paribas-samsteypa: almenn bankastarfsemi og fjármálaþjónusta (sem BNPP PF tilheyrir) um heim allan, útlán og fjárfestingar, svo og eignastýring og váttryggingar
 - LaSer: sérhæfir sig einkum í neytendalánnum, nánar tiltekið einstaklingslánnum og hlaupandi lánnum, ásamt greiðsluþjónustu í Frakklandi, Póllandi, Bretlandi, Danmörku, Noregi og Hollandi. Fyrirtækið býður einnig áætlanir sem miða að tryggð viðskiptamanna og tengslatengda markaðssetningu
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 88, 27. mars 2014). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.7153 – BNPP/LaSer, á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
**(mál COMP/M.7161 – DCC Energy/Qstar Försäljning/Qstar/
Card Network Solutions)**

2014/EES/18/13

1. Framkvæmdastjórninni barst 20. mars 2014 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem írski fyrirtækið DCC Energy Limited, sem lýtur endanlegum yfirráðum írski fyrirtækisins DCC plc, öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi stafliðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í sænsku fyrirtækjunum Qstar Försäljning AB, Card Network Solutions Europe AB og Qstar AB.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - DCC Energy Limited: starfsemi einkum á sviði olíu, fljótandi jarðolíugass og á mörkuðum tengdum eldsneytiskortum í fjölda Evrópulanda. Í Svíþjóð starfar félagið á sviði olíu og jarðolíugass fyrir milligöngu dótturfélaganna Swea Energi Holding AB og Flogas Sverige AB
 - Qstar Försäljning AB: selur einkum vélaeldsneyti (s.s. bensín, dísil og etanól) til smásölustöðva í Svíþjóð. Sala á vélaeldsneyti fer fram á fjölda smásölustöðva sem fyrirtækið á og rekur undir Qstar-vörumerkinu
 - Card Network Solutions Europe AB: hugbúnaðarfyrirtæki sem selur viðskipta- og greiðsluferfi fyrir bensín- og eldsneytissölur. Hugbúnaður fyrirtækisins, „Allkort“, stýrir greiðsluvélum
 - Qstar AB: stundar einkum heildsölu dreifingu á húshitunarolíu, dísil, alkýlsbensíni, viðarkubbum og smurefnum í Svíþjóð
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 89, 28. mars 2014). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.7161 – DCC Energy/Qstar Försäljning/Qstar/Card Network Solutions, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.7178 – Suntory/Beam)

2014/EES/18/14

1. Framkvæmdastjórninni barst 17. mars 2014 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem japanska fyrirtækið Suntory Holdings Limited („Suntory“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflaðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í bandaríska fyrirtækinu Beam Inc. („Beam“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Suntory: framleiðsla og sala á óáfengum og áfengum drykkjum, m.a. brenndum drykkjum eins og skosku og japönsku viskii, koniaki og líkjörum
 - Beam: framleiðsla og sala á brenndum drykkjum, m.a skosku viskii, búrbon viskii, koniaki og líkjörum
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 87, 26. mars 2014). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.7178 – Suntory/Beam, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.7179 – Silver Lake/WME/IMG)

2014/EES/18/15

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 20. mars 2014 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið Silver Lake Group, L.L.C. („Silver Lake“) öðlast að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í bandarísku fyrirtækjunum WME Entertainment Parent, LLC („WME“) og IMG Worldwide Holdings, Inc. („IMG“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Silver Lake: leiðandi í fjárfestingum í tæknifyrirtækjum í heiminum, með eignir í umsýslu sem eru að verðmæti meira en 20 milljarðar dollara
 - WME: umboðsskrifstofa fyrir listamenn og kemur fram fyrir hönd og veitir ráðgjöf til viðskiptavina innan kvikmynda, sjónvarps, bókmennta, leikhúss og fyrirlestrahalds
 - IMG: íþrótta-, skemmtiefnis- og fjölmiðlafélag sem veitir þjónustu á borð við íþróttaráðgjöf, umsýslu með rétt á margmiðlunarefni, atburðastjórnun og umboðsmennsku fyrir listamenn við bæði fyrirtæki og einstaklinga á sviði íþrótta og skemmtiefnis
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 89, 28. mars 2014). Þær má senda með símbreyfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.7179 – Silver Lake/WME/IMG, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.7197 – AMP/Arcus/PSP/Alpha Trains)

2014/EES/18/16

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 13. mars 2014 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem ástralska fyrirtækið AMP Capital Investors Limited („AMP“), kanadíska fyrirtækið Public Sector Pension Investment Board („PSP“) og breska fyrirtækið Arcus European Infrastructure Fund GP LLP („Arcus“) öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi staflaðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í lúxemborgska fyrirtækinu Alpha Trains (Luxembourg) Holdings Sàrl og dótturfélögum þess („Alpha Trains“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - AMP: ástralskt fjárfestingarfyrirtæki sem fjárfestir í fjölbreyttum eignaflokkum um heim allan
 - PSP: kanadískt fyrirtæki með fjölbreytt eignasafn sem hefur umsýslu með eftirlaunasjóðum
 - Arcus: óháð sjóðstýringarfyrirtæki sem sérhæfir sig í grunnvirkjum í Evrópu
 - Alpha Trains: sérhæft lestarleigufyrirtæki sem leigir járnbrautarvagna til bæði einkarekinna og opinberra lestarfyrirtækja í fjölda ríkja á meginlandi Evrópu
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 86, 25. mars 2014). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.7197 – AMP/Arcus/PSP/Alpha Trains, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.7204 – Rothesay Life/MetLife Assurance)

2014/EES/18/17

1. Framkvæmdastjórninni barst 12.mars 2014 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem breska fyrirtækið Rothesay Life Limited („Rothesay“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í breska fyrirtækinu MetLife Assurance Limited („MAL“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
